

VEIÐIMÁLASTOFNUN.

Guðni Guðbergsson

Athugun á fiskstofnum Eldvatns í
Meðallandi 1985.

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS

VMST-R / 86011

VMST/86011.

Guðni Guðbergsson

Athugun á fiskstofnum Eldvatns í
Meðallandi 1985.

Eldvatn í Meðallandi

1. Inngangur

Dagana 25. og 26. júlí fór fram athugun á vatnasvæði Eldvatns. Var athugunin gerð að beiðni Veiðifélags Eldvatns, en þar höfðu félagsmenn áhyggjur af minnkandi veiði í vatninu undanfarin ár. Lítið var vitað fyrir um fiskstofna Eldvatns, nema út frá veiðiskýrslum en þær hafa verið gerðar í mörg ár.

Eldvatn er lindá (Sigurjón Rist 1956). Upptök þess er að hluta í Fljótsbotni sem er stöðuvatn um 28 km frá ós. Eldvatn er fiskgengt upp í Fljótsbotn í allflestum árum en vatnsleysi getur valdið gönguhindrun við útfallið. Í Eldvatn rennur Drangmelalækur og er einnig nokkur veiði í honum.

2. Framkvæmd

Farið var upp með Eldvatni og Drangmelalæk svo langt sem ökufært var með góðu móti, og botn og straumlag athugað með tilliti til stærðar og gæða búsvæða fyrir silung og lax.

Veitt var með rafmagni til að athuga fjölda og tegundasamsetningu seiða. Rafleiðni vatnsins var einnig mæld.

3. Niðurstöður og umræður

3.1 Uppeldisskilyrði

Eldvatn er ein af vatnsmestu bergvatnsám landsins (Sigurjón Rist 1956) og að sama skapi breið. Það rennur að miklum hluta á hrauni í efri hlutanum en þegar niður fyrir Feðga (eyðibýli) kemur verður halli landsins minni og straumur minnkar. Þar er sandur ríkjandi í botni og grjót og mól einungis við bakkana. Efri hluti Eldvatns rennur í ótal kvíslum og lónum með eyjum og hölmum á milli, (mynd 1) og er breidd vatnsins þar á að giska yfir 100 m. Fyrir neðan Feðga rennur vatnið í einum farvegi allt til sjávar. Nú hefur Eldvatn sjálfstæðan ós, en fyrr á tímum mun það hafa runnið í Skaftárós. (Uppdráttur Íslands 1941).

Í efri hlutanum er víða grýttur hraunbotn, þó lygnir hyljir séu á milli, og eru þar góð uppeldisskilyrði fyrir seiði. Þar virðist einnig nóg um hrygningarstaði.

Frá ós Drangmelalækjar og niður undir Hnausa verður lengra

milli grýtttra brota en þó er grjót í bökkum sem skapa uppeldisskilyrði fyrir seiði. Grjótgarðar hafa verið gerðir út í Eldvatnið á þessu svæði og teljast þeir til bóta á uppeldisskilyrðum um leið og þeir mynda veiðistaði þar sem aukinn straumur grefur hylji við enda þeirra.

Við lauslega athugun virtist botndýralíf vera nokkuð og einkenndist það af rýkmýslirfum og vorflugulirfum.

Drangmelalækur er svipaður hvað varðar botn og straumlag og Eldvatn nema að hann er bæði styttri og vatnsminni. Drangmelalækur á upptök í Máfavötnum sem eru grunn vötn. Gera má ráð fyrir að þau bæði hitni og standi undir nokkurri frumframleiðni sem nýtist botndýrum í Drangmelalæk líkt og Fljótsbotninn nýtist Eldvatninu.

3.2 Leiðni

Leiðni var mæld bæði í Eldvatni og Drangmelalæk og reyndist vera $113 \mu\text{S cm}^{-1}$ við 25°C í báðum. Leiðni gefur til kynna magn uppleystra áburðarefna (salta) í vatninu. Þessi leiðni er mjög há og hærri en í t.d. Grenlæk (Finnur Garðarsson 1983) og svipað og í bestu laxveiðiám landsins. Þessi háa leiðni stafar væntanlega bæði af því að Skaftárvatn síast gegnum ungt hraun og því skolest mikið af jónum úr því og einnig að viðstaðan í bæði Fljótsbotninum og Máfavötnum eykur magn lífrænna efna.

3.3 Niðurstöður seiðarannsóknna

Helstu niðurstöður seiðarannsóknanna má sjá á myndum 2-4. Það eru bleikjuseiði sem eru í yfirgnæfandi meirihluta á öllum þeim stöðum sem veitt var á. Vottur var af urriðaseiðum en ekki fengust nema örfá laxaseiði. Almennt má segja að vöxtur seiðanna sé mjög góður. Ástæða þess að ekki fengust nein seiði eldri en tveggja ára getur stafað af tvennu. Þau gætu verið gengin til sjávar eða að þau hafi yfirgefið sína

föstu staði á brotum og séu farin í hyljina, og er sú skýring líklegri.

Í samanburði við Grenlæk (Finnur Garðarsson 1983) er vöxtur seiðanna síst lakari í Eldvatninu.

Það sem helst vekur athygli er hve mikið er af bleikjuseiðum í samanburði við urriða og lax, einkum þegar haft er í huga að í Grenlæk er urriðaseiði í miklum meirihluta. Erfitt er að finna skýringar á þessu. Þegar litið er á veiði síðustu 10 ára (mynd 5) kemur í ljós að veiðin hefur byggst nokkuð jafnt á bleikju og sjóbirtingi. Þrátt fyrir að bleikjuseiði séu í miklum meirihluta hefur veiði á bleikju dregist meira saman en veiði á sjóbirting. Laxveiði er nokkuð stöðug og getur minnkun hennar stafað af minnkandi veiðiálagi samfara minnkandi veiði.

Veiði í Eldvatni var mun meiri á árunum 1974-1977 (mynd 5) en hún er í dag. Þær breytingar hafa orðið á veiðiálagi að vorveiði var hætt eftir 1975. Það getur verið að vegna þess hve sjóbirtingur og sjóbleikja gengur seint á sumrin að þau komi ekki nema að litlu leiti inn í veiðina. Fiskur sem ekki er veiddur að vori er því ekki þar með geymdur til veiða að hausti. Til samanburðar má nefna að í Geirlandsá þar sem vorveiði er enn stunduð er ekki um neina minkun að ræða (Finnur Garðarsson og Þórólfur Antonsson 1984). Möguleiki er einnig á að þegar þéttleiki bleikju eykst minnki göngufýsn hennar og minni hluti stofnsins gangi til sjávar.

4. Umræður

Almennt má segja að veiði í Eldvatni sé lítil samanborið við ár í nágrenninu einkum þegar tekið er tillit til stærðar þess og rennslismagns. Gæti þetta stafað að nokkru leiti af því að hlutfallslegt veiðiálag í Eldvatni er minna en ánum í kring. Þar sem ekki eru til nein gögn um seiða stærð og þéttleika frá þeim árum þegar veiði var meiri er erfitt að gera sé grein fyrir helstu orsökum fyrir minnkandi veiði.

Eftir ástandi seiða að dæma má a.m.k. auka veiðiálag á bleikjustofninn því ætla má að samkeppni sé milli bleikjuseiða

og urriða og laxaseiða. Ekki þykir þörf á seiðasleppingum á þessu stigi. Frekari rannsóknar er þörf til samanburðar, bæði á seiðaástandi svo og hreistri. Æskilegt er því að hreistur sé tekið af sem flestum veiddum sjóbirtingum en út frá þeim fást upplýsingar um aldurssamsetningu stofnsins.


5. Heimildir

Finnur Garðarsson 1983. Fiskifræðirannsóknir í Grenlæk,
V-Skaftafellssýslu 16. og 17. ágúst 1983. Veiðimála-
stofnun fjölrit.


Sigurjón Rist 1956. Íslenzk vötn 1. Raforkumálastjóri,
Reykjavík.

Uppdráttur Íslands 1941. Landmælingar Íslands, Reykjavík.


Finnur Garðarsson og Þórólfur Antonsson 1984. Lausleg úttekt á
uppeldisskilyrðum fiskgengs hluta Geirlandsár 1983.
Veiðimálastofnun fjölrit.




Mynd 1. Yfirlitskort af Eldvatni




Mynd 2. Lengdardreifing bleikjuseiða veiddum í Eldvatni.



Mynd 3. Lengdardreifing bleikjuseiða veiddum í Drangmelalæk.



Mynd 4. Lengdardreifing urriða (sjóbirtings) seiða og laxaseiða veiddum í Eldvatni og Drangmelalæk.



Mynd 5. Veiði í Eldvatni frá 1974 til 1985.

- sjóbirtingur
- bleikja
- — • lax